



Upplýsingar til fjölmiðla
frá
skrifstofu forseta Íslands

BARÁTTAN GEGN FÍKNIEFNUM FORVARNAVERKEFNI Í TÍU EVRÓPSKUM BORGUM

Boðið er til blaðamannafundar á morgun, fimmtudaginn 27. október 2005 kl. 15:00 á Bessastöðum.

Á fundinum verður kynnt viðamikið verkefni um stórsókn í baráttunni gegn fíkniefnum í tíu evrópskum borgum. Verkefnið er byggt á reynslu Reykjavíkurborgar og íslenskum ungmennarannsóknum og því verður stýrt frá Íslandi. Aðalstyrktaraðili verkefnisins er Actavis Group. Í verkefnisstjórn sitja m.a. fulltrúar Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Forseti Íslands er verndari verkefnisins.

Skrifað verður undir samstarfssamning milli Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og Reykjavíkurborgar um rannsóknarþátt verkefnisins. Þá munu jafnframt Actavis Group og Reykjavíkurborg skrifa undir samstarfssamning um stuðning Actavis við sérstakt forvarnaátak í fimm borgum í Austur-Evrópu. Þá mun Actavis jafnframt styrkja rannsóknarþátt verkefnisins sem unninn verður á Íslandi.

26. október 2005

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson skrifstofustjóri (896 3028).